



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s. 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar

1. fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 9. sept. kl. 13:30

Mættir: Áslaugur Haddsson, Kristján Steingrímsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson. Sveitarstjóri var við upphaf fundarins og ritaði hluta fundargerðar, en síðari hluta fundargerðar ritaði Áslaugur Haddsson. Þá fór Úlfar Sæmundsson, starfsmaður hitaveitunnar með nefndarmönnum í skoðunarferð.

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.

Áslaugur kosinn formaður, Yngvi Ragnar varaformaður og Kristján ritari.

2. Starfið framundan.

Nefndin mun fara yfir gjaldskrár og reglugerðir í vetur, en reglugerð er nú orðin nokkuð við aldur eða frá 1986. sveitarstjóri mun afla gagna í þessu sambandi.

3. Skoðunarferð með starfsmanni hitaveitu.

Í upphafi var farið í varmaskipyntastöð og síðan í dælustöðvar við Voga og Garð og ferðinni lokið við Álftagerði. Ljóst er að hitatap á leiðinni úr Reykjahlíð í Álftagerði er of mikið og sama á við um lögnina í Grímsstaði. Lagnirnar eru illa einangraðar. Lagnaleiðin í Álftagerði er afleit. Lögnin liggur undir þjóðveginum á á mörgum stöðum og undir honum miðjum á Garðsgrundum. Þá er lögnin frá Geiteyjarströnd í Álftagerði með minni veggþykkt en lögnin þar fyrir norðan og þolir ekki þann þrýsting sem til þarf til að inntaksþrýstingur í hæstu húsum sé viðunandi. Lagt er til að dæla við Garð verði sett við, en hún hefur ekki verið notuð að undanfögnu. Ef þessar aðgerðir koma við aðra notendur verður að finna á því lausn, t.d. með dælingu.

Til að tryggja sem jafnastan þrýsting gæti þurft að setja upp þrýstistýrða loka við dælurnar í Vogum og Garði.

Gera verður þær kröfur til notenda hitaveitunnar að nýtni hitakerfa sé viðunandi, en á móti verður veitan að sjá til þess að notendur fái það vatn sem þeir þurfa með eðlilegum þrýstingi.

Formanni falið að skrá niður annað sem fram kom í ferðinni og verði það rætt á næsta fundi.

Gera þarf áætlun um endurbætur og viðhald veitunnar til næstu ára.

Fleira ekki gert,
fundir slitið
Áslaugur Haddsson,
Kristján Steingrímsson,
Yngvi Ragnar Kristjánsson